Hönnun og bygging sumarhúss

EON arkitektar - fyrsti hluti

Texti: Auður I. Ottesen. **Myndir:** Páll Jökull Pétursson
Teikningar: Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson

Sumarhúsið og garðurinn mun í næstu blöðum fylgjast með hönnun sumarhúss og byggingu þess. Arkitektarnir Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson hjá Eon arkitektum hanna bústaðinn. Eigendur bústaðarins hafa átt nokkra fundi með arkitektunum og hafa lýst fyrir þeim hugmyndum sínum og væntingum. Arkitektarnir meta og vinna úr þeim og hér gefur að líta hugmyndir þeirra og fyrstu skissur eftir þessa fundi.

„Yfirleitt byrjum við á að tala saman í skissum á meðan hugmyndirnar eru að mótast. Við erum yfirleitt með litla blokk með okkur en þegar hennar nýtur ekki við þá er skissað á servíettu eða blaðsnifsi," segir Hlédís um fyrstu vinnutilhögun eftir að þau Gunnar hafa rætt við viðskiptavini sína sem þau hanna fyrir. Gunnar segist geta orðið ansi upptekinn af verkefnunum og þegar hugmyndirnar koma sé gott að rissa þær á blað. „Á fyrstu fundum okkar með viðskiptavinum hlýðum við á hugmyndir þeirra og skoðum afstöðumynd. Þegar viðfangsefnið er hús í náttúrunni skiptir umhverfið miklu máli. Við leggjum rækt við að húsin falli vel að landinu og að útsýnið njóti sín innan úr því," segir hann. Hlédís segir persónuleika og einkenni þeirra sem þau hanna fyrir skipta miklu máli. „Við hönnun sumarhússins fyrir Auði og Pál tökum við mið af einkennum þeirra. Þau eru útgefendur, hann er ljósmyndari,



Garðurinn er afmarkaður af mön/hæð, sem mótuð er með grjóti og náttúrulegum gróðri. Meðfram hæðinni eru lögð steinþrep sem liggja í sveig upp á þakið. Þrepin enda í brú, yfir á þakflöt alrýmis. Undir brúnni er gengið inn í stofuna. Rýmið undir þrepunum er nýtt fyrir útigeymslu sem fellur inn í landslagið. Í henni gæti verið vatnsinntakið fyrir garðinn, verkfæri, áhöld og garðhúsgögn.

Hlédís sýnir fyrstu drög þeirra Gunnars að sumarhúsinu.

Gunnar segist oftast vera með rissblokk í vasanum til þess að hægt sé að rissa hugmyndir á blað.

hún garðyrkjufræðingur og smiður, og bæði eru þau fagurkerar. Við hönnun bústaðarins þeirra eru ótal möguleikar. Samspil úti og inni rýma, við höfum svæðið uppi á húsinu og niðri í japanska garðinum og svo gróðurtilfinning í gróðurhúsinu í anddyrinu."

Landslag að húsinu

Hlédís og Gunnar gera að tillögu sinni að uppgröfturinn úr grunninum verði nýttur í upphækkun vestan við húsið, upphækkun sem tekur sveig og lækkar þar til hún deyr út í austri.

Eina aðfengna efnið er möl undir sökkulinn og til fyllingar í hann. „Hugmyndin er að vera með aflíðandi hæð að húsinu sem veitir skjól, afmarkar viðverusvæðið framan við stofuna og hindrar að það sjáist inn í bústaðinn frá veginum," segir Hlédís. Hæðin er rofin og opnað fyrir útsýni til Heklu - eins og mynd sem römmuð er inn.

Skipting rýma

Húsið er tvískipt. Annar hlutinn er alrými, með stofu og eldhúsi, og er sá hluti náttúrulegur og fellur vel að landslaginu með gróðri á þakinu. Hinn helmingur hússins er svefnálma, kassi sem er formaður á allt annan og hefðbundnari hátt. „Húsið er í raun þessi svefnálma sem er kassalaga klædd í fallegum við, stein eða málmi. Þakið er hallandi," segir Hlédís. Innst í svefnálmu er hjónasvítan með sérútgangi á útisvæði með heitum potti. Í þessum hluta hússins er einnig svefnherbergi, salerni með gufubaði og þvottahús þar sem inntakið fyrir vatnið verður. Burðarveggur aðskilur svefnrýmið. Ofan á burðarveggnum er mjó gluggarönd með sérstyrktum gluggastykkjum. Stofan er svo aðskilin með náttúruvegg sem klýfur húsið í tvennt. „Við endann á kassanum er anddyri/gróðurhús þar sem gengið er inn í bústaðinn. Þar geta t.d. eplatré vaxið innan við innganginn og þar hjá verður hljóðlátt vinnurými sem getur einnig nýst sem gestaherbergi," segir Gunnar.

Regla í óreglunni

Alrýmið fellur að náttúrunni líkt og jarðhýsi. Á þaki hússins er hraun og lyng. Útveggirnir grjóthlaðnir að utan. Hlédís segir úrvinnsluna á gluggunum í alrýminu vera spennandi og eitthvað sem ekki hefur sést hér á landi. „Stór hluti glugganna er opnanlegur og mynda þeir sikksakk form. Markmið okkar Gunnars er að láta náttúruna flæða sjónrænt inn í rýmið. Glerveggurinn skilur að inni- og útirýmið, en mörkin verða óljós þegar gluggarnir opnast." Japanskur garður er fyrirhugaður fyrir framan alrýmið, hann er skúlptúraður með grjóti og mosa. „Slíkir garðar eru unnir eftir ákveðinni heimspeki þar sem hver hlutur á sér ákveðinn stað og ríkjandi er kyrrðarstemmning. Japanar raka til að mynda rétta mynstrið í sandinn í görðum sínum hvern morgun," segir Gunnar.



Eitt af rissum EON arkitekta þar sem þau eru að velta fyrir sér gluggavegnum sem vísar út í Japanska garðinn.

„Hugmyndafræðin sem við köllum upphafið - þegar leitað er að útgangspunkti, 'point of departure'."



Eldhúsið er opið, rúmgóðar innréttingar mynda vinkil og eyja er fyrir framan. Úr eldhúsinu er opnanlegt út í japanska garðinn svo hægt sé að njóta hans við morgunverðarborðið. Í stofunni er arinn og þakglugginn veitir birtu inn með nýstárlegum hætti. Svefnálman er kassalaga en gestaherbergið við hlið gróðurhússins er með skávegg með svipuðum hætti og glerveggirnir í alrýminu.

Þakið yfir stofuálmunni er klætt náttúrulegu hraungrjóti og íslenskum jurtum, mosa og lágvöxnum harðgerðum hnoðrum. Yfir stofunni verður gluggi sem er sem skúlptúr í gegnum þak hússins. Glugginn veitir birtu niður í stofuna og býr til sjónræna tengingu við himin og ský. Á þakinu er viðverusvæði með borði og stólum og þaðan er hægt að njóta útsýnis til Heklu. Einn af kostunum við náttúruþak segir Hlédís vera að hvorki vind- né regnhljóð berast inn.

Hugmyndir og væntingar.
A: Hús sem fellur vel að náttúrunni.
B: Náttúrulegt þak.
C: Hagkvæmt í byggingu og rekstri.
D: Gluggaveggur í alrými.
E: Japanskur garður.

Mótun verksins

1. Fyrir hvern er verið að hanna: Persónuleikar og einkenni P&A, ljósmyndari og garðyrkjufræðingur, útgefendur og fagurkerar.
2. Staðsetning: Einkenni lands; náttúra, bergtegundir, gróður. Umhverfisþættir; ríkjandi átt, sjónrænar tengingar, t.d. útsýni. Aðkoma og áttir.



HEFÐBUNDIN UPPBYGGING ÍBÚÐARHÚSS MEÐ STÁLBURÐARVIRKI.

Uppbygging stálgrindarinnar er svipuð eða eins og uppbygging timburhúsa, með burðarsúlum, stoðum og bitum. Stálgrindarhús eru hagkvæmari í uppsetningu en timburhús, efnið kemur tilsniðið á byggingarstað og grindin er fest saman með sjálfborandi skrúfum. Engar þenslubreytingar eru í stálinu og því er hægt að reisa húsin við hvaða veðurskilyrði sem er og hvar sem er í heiminum. Hins vegar þegar um stálburðarvirki er að ræða er einangrun stáls frá raka mikilvæg til að koma í veg fyrir kuldaleiðni og ryðskemmdir. Þennan frágang þarf ekki í timburhúsum. Samantekið, eru þó stálgrindarhús hagkvæmari en timburhús.

Efniskostnaður í stálgrind er orðinn meira sambærilegur timburgrind en áður hefur verið. Hins vegar er uppsetning stálburðarvirkisins töluvert einfaldari í framkvæmd og tekur mun skemmri tíma að reisa slíkt hús.

Í stálgrindarhúsi eru stoðir og þverstyrktarbitar gataðir til að létta burðarvirkið og auðvelda ídrátt rafmagns- og vatnslagna. Mikill vinnusparnaður fæst með þessu. Milli stoða er hefðbundin einangrun og veggirnir eru klæddir að innan og utan með nánast sama hætti og tíðkast í timburhúsum. Stálbitarnir eru boltaðir og skrúfaðir saman á byggingarstað með sjálfborandi skrúfum.

Nokkur dæmi um stálgrindahús.

HUGMYNDIR AÐ FÆRANLEGUM HÚSUM:

Fyrirmyndir færanlegra (mobile) húsa EON arkitekta eru stálgrindarhús í Bandaríkjunum en þar njóta þau vinsælda og þykja hagstæður byggingarmáti. Þessi hús eru framleidd ýmist að hluta til eða í heild í verksmiðjum - þau minnstu eru flutt tilbúin, samsett og í heilu lagi á byggingarstað. Hér eru sýndar mismunandi útgáfur. Misjafnt er hvernig húsinu er komið fyrir á landinu, en hér er t.d. hús sem situr á steyptum stöplum og virðist fljóta yfir landinu.

Myndirnar hér sýna dæmi um mismunandi gerðir/útgáfur húsa, aðallega í USA.

▲ *„Mobile House". Hér blandast hugmyndin að færanlega hjólhýsinu, staðsettu stálgrindarhúsinu. (Arkitekt: Jennifer Siegal OMD, Kalifornía.)*

▲ *Hugmyndateikning "Mobile House". Stál og gler. (Arkitekt: Jennifer Siegal OMD, Kalifornía.)*

▲ *„Mobile House" sem er jarðtengt er með torfi. (Í Beijing í Kína. Arkitekt: Vector Architects.)*

EON hús, nútímaleg og stílhrein hönnun. Hús á einni hæð með sléttu þaki. Stærð á bilinu 80-120 m². Verðhugmynd 20-25 milljónir.

Forunnin færanleg EON stálgrindarhús. Eon arkitektar bjóða fjórar gerðir staðlaðra stálgrindarhúsa. Þau minnstu eru 80 fm að stærð.

BREYTILEG ("MOBILE") STÁLGRINDARHÚS EON ARKITEKTA

EON arkitektar hafa hannað fjórar gerðir breytilegra húsa sem hvort sem heldur henta sem einbýlis- eða sumarhús. Í færanlegu húsunum er stálgrind sem kemur tilbúin til uppsetningar á byggingarstað. Fyrirmynd færanlegra húsa EON arkitekta kemur frá Bandaríkjunum þar sem frá árinu 1970 hafa verið framleidd stálgrindareinbýlishús sem seld eru tilbúin til samsetningar. Færanlegum húsum EON arkitekta svipar til hönnunar „EON unit húsanna" sem fjallað var um áður, að því leyti að þau má byggja í áföngum. Stöðluðum einingum má raða á mismunandi vegu eftir því hversu stórt húsið á að vera og hvernig það fellur best að umhverfinu þar sem fyrirhugað er að byggja.

Auðvelt er að breyta húsunum og byggja við síðar ef þarfir og væntingar eigenda breytast. Í þróunarvinnu við hönnun húsanna er tekið mið af kostum og göllum stálgrindarburðarvirkisins og fundnar hagkvæmustu leiðirnar við framleiðslu þeirra og byggingu. Framleiðsla burðargrindar fer fram í verksmiðju og er burðarvirki húsanna flutt í hlutum á staðinn og sett saman á skjótan hátt. Húsin eru hreyfanleg og þau má flytja.

Húsin eru aðlöguð íslenskri byggingarreglugerð og stöðlum. EON arkitektar hafa verið í samvinnu við verktaka um framleiðslu á húsunum og vonir standa til að ekki sé langt í að fyrsta húsið rísi. ■

EON hús, nútímaleg og stílhrein hönnun. Hús á einni hæð með sléttu þaki. Stærð á bilinu 120-180 m². Verðhugmynd 30-35 milljónir.



Húsin eru ýmist á einni eða tveimur hæðum og henta hvort sem er sem íbúðar- eða sumarhús.



EON hús, nútímaleg og stílhrein hönnun. Hús á tveimur hæðum með sléttu þaki. Stærð á bilinu 180-220 m². Verðhugmynd 45-50 milljónir.





EON hús eru framleidd í stöðluðum einingum sem auðvelt er að móta eftir þörfum verkkaupa með því að breyta og bæta við.



Steypt botnplata.



Stálgrind, súlur og bitar.

Stálstoðirnar boltaðar og skrúfaðar í grind.

Létt þak komið á grindina og gluggar komnir.



Klæðning komin á húsið.



Húsið fullfrágengið.